

Ár 2011, föstudaginn 25. mars, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

**Að ákveða laun og starfskjör forstöðumanns Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra**

**I.**

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á lögum um kjararáð, er verkefni kjararáðs meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Kjararáð tók síðast sérstaka ákvörðun um breytingar á launum forstöðumanns Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra 4. mars 2008 og var við þá ákvörðun höfð hliðsjón af launum forstöðumanns Blindrabókasafns Íslands. Frá þeim tíma hafa launin tekið breytingum í samræmi við almenna úrskurði kjararáðs um laun þeirra sem undir ráðið heyra.

**II.**

Með bréfi dagsettu 7. júlí 2009 óskaði forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra eftir því að laun hans yrðu endurmetin, þar sem honum þótti gæta misræmis milli þeirra launa sem honum voru ákvörðuð og launa þeirra sem gegna störfum á vegum hins opinbera, sem sambærileg geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Bréfinu fylgdi greinargerð um starfsemi stofnunarinnar.

Með bréfum dagsettum 14. júlí 2009 var erindi forstöðumannsins sent fjármálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti til umsagnar. Í svari fjármálaráðuneytisins dagsettu 6. ágúst 2009 segir að ráðuneytinu sé ekki kunnugt um á hvern hátt starfsemi Samskiptamiðstöðvar hafi breyst eða aukist frá því að kjararáð úrskurðaði um laun forstöðumannsins. Svar barst ekki frá menntamálaráðuneytinu.

Kjararáð fjallaði um erindið á fundi sínum 25. ágúst 2009. Niðurstaða ráðsins var sú að ekki væri efni til að taka ákvörðun um hækkun á launum forstöðumannsins og var erindinu synjað. Með bréfi dagsettu 6. september 2009 óskaði forstöðumaðurinn eftir rökstuðningi kjararáðs fyrir þeirri ákvörðun. Í rökstuðningi ráðsins dagsettum 17. september 2009 kom meðal annars fram að ekki yrði ráðið af bréfi forstöðumannsins að þær breytingar hefðu orðið á starfsumhverfi eða launum, sem höfð væru til viðmiðunar, að leiða ætti til hækkunar launa hans.

Í framhaldi af rökstuðningi kjararáðs skrifaði forstöðumaðurinn ráðinu bréf dagsett 30. september 2009 og óskaði eftir því að kjararáð endurskoðaði afstöðu sína. Í bréfinu var gerður samanburður á starfsmannafjölda og verkefnum Blindrabókasafns annars vegar og Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra hins vegar. Af þeim samanburði mátti ráða að Samskiptamiðstöðin væri mun umfangsmeiri stofnun en Blindrabókasafnið og svipaði meira til Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda. Á Samskiptamiðstöðinni voru þá um 25 starfsmenn. Verkefni miðstöðvarinnar eru í bréfi forstöðumannsins skilgreind sem rannsóknir, kennsla, námsefnisgerð, tálkaþjónusta, ráðgjöf og fræðsla.

Kjararáð taldi bréf forstöðumannsins ekki gefa tilefni til endurmats á afstöðu sinni og tilkynnti þá niðurstöðu með bréfi dagsettu 22. júní 2010. Forstöðumaður Samskiptamiðstöðvarinnar kvartaði þá til umboðsmanns Alþingis yfir því að kjararáð hafi neitað að endurmeta laun hans og að ekki væri gætt innbyrðis samræmis við ákvörðun launakjara. Í greinargerð kjararáðs til umboðsmanns Alþingis, dagsettri 22. desember 2011, kemur fram að

við skoðun málsins í tengslum við kvörtun forstöðumannsins hafi kjararáð ákveðið að taka aftur til skoðunar hvort tilefni væri til breytinga á launum og starfskjörum hans. Einnig kom forstöðumaðurinn á fund ráðsins þar sem hann gerði grein fyrir sjónarmiðum sínum.

### III.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra starfar samkvæmt lögum nr. 129/1990 og reglugerð nr. 1058/2003. Samskiptamiðstöðin hefur meðal annars með höndum rannsóknir á íslensku táknmáli og kennslu þess, táknmálstúlkun, þróun og greiningu kennsluaðferða, námsefnisgerð, samningu og miðlun efnis á táknmáli, verklega þjálfun táknmálsnema á háskólastigi og upplýsingagjöf til hagsmunahópa. Við Samskiptamiðstöðina starfa nú 33 starfsmenn í um það bil 23 stöðugildum. Starfsemi Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og dauflinda einstaklinga er að mörgu leyti sambærileg við starfsemi Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra. Rekstrarumfang Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og dauflinda einstaklinga eru þó allnokkuð meira en hjá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Kjararáð hefur því ákveðið, með vísan til innbyrðis samræmis, að við ákvörðun launakjara forstöðumanns Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra verði tekið mið af launakjörum forstjóra Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og dauflinda einstaklinga.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun forstöðumanns Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

### IV.

#### Ákvörðunarorð

Frá og með 1. ágúst 2009 skulu mánaðarlaun forstöðumanns Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra vera samkvæmt launaflokki 502-130, nú 577.641 króna.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstöðumannsins gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

---

Svanhildur Kaaber

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Kolbeinn H. Stefánsson